Sþ. **674. Fyrirspurn** [374. mál]

til félagsmálaráðherra um innheimtu skyldusparnaðar.

Frá Karli Steinari Guðnasyni.

1. Hvernig er háttað innheimtu skyldusparnaðar ungs fólks til íbúðabygginga skv. VII. kafla laga nr. 60/1984?
2. Hvernig er háttað framkvæmd 75. gr. laganna ef launagreiðandi vanrækir að taka skyldusparnað af starfsmanni skv. lögunum eða vanrækir að skila því sem hann hefur tekið af launum starfsmanna sinna?
3. Hvernig miðar setningu reglugerðar um skyldusparnað?
4. Hvernig er réttur starfsmanna tryggður við gjaldþrot atvinnurekanda ef atvinnurekandi hefur tekið skyldusparnað af launum starfsmanna en hefur ekki gert skil til innheimtuaðila, sbr. lög um ríkisábyrgð á launum, nr. 23/1985, sem ná einungis til ógreiddra launa og skyldusparnaðar 6 síðustu mánaða í starfi?